

LÖG

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
nr. 85/2007 (rekstrarleyfisskyld gististarfsemi).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Rekstrarleyfisskyld gististarfsemi innan þéttbýlis skal vera í samþykktu atvinnuhúsnæði.

2. gr.

Við 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að á aðaluppdráttum sé tilgreint að húsnæði tilheyri notkunarflokki 4 samkvæmt byggingarreglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 2024.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Birgir Ármannsson.

Benedikt Bogason.

(L. S.)

Lilja Dögg Alfreðsdóttir.